

Dagur umhverfisins 2010

Sú ákvörðun var tekin í ríkisstjórn Íslands árið 1999 að tileinka einn dag umhverfinu og varð 25. apríl fyrir valinu en þann dag fæddist Sveinn Pálsson norður í Skagafirði árið 1762. Hann stundaði nám í náttúrufræðum og læknisfræði við Kaupmannahafnarháskóla og lauk prófi í náttúrufræðum 1791 fyrstur Íslendinga.

Sveinn hóf þá þriggja ára rannsóknir á íslenskri náttúru og var fyrstur til þess að stunda skipulegar náttúrufræðirannsóknir hér á landi. Dagurinn er fyrst og fremst hugsaður sem hvatning til skólafólks og almennings að kynna sér betur samskipti manns og náttúru og sem tækifæri fyrir stjórnvöld, félagasamtök og fjölmiðla til að efla opinbera umræðu um umhverfismál.

Í tilefni dagsins verður umhverfisátak í Grundarfirði dagana 19. – 25. apríl. Grundfirðingar eru hvattir til að taka rækilega til hendi og losa sig við allt dót og drasl sem stendur utandyra og hefur lokið hlutverki sínu en einhvernveginna dagað uppi þar sem það á ekki heima. Einnig eru menn hvattir til fegrunar á hýbílum og görðum. Gámastöðin er opin sem [hér](#) segir. Einnig er gámur fyrir garðaúrgang staðsettur við gámasvæðið. Umhverfisnefnd mun fylgjast með tiltektinni og veitir sérstakar viðurkenningar fyrir bestu tilþrifu í tveimur flokkum, einstaklings- og fyrirtækjaflokki. Tilnefningum má einnig skila á skrifstofu Grundarfjarðarbæjar.

Nemendur í leikskólanum Sólvöllum og Grunnskóla Grundarfjarðar munu í tilefni dagsins fara í hreinsunarferðir um nánasta umhverfi.

Bókasafnið og félagar í Skógræktarfélagi Eyrarsveitar og garðyrkjuhópi kvenfélagsins verða með kynningar- og fræðslubás í Samkaupum 22. apríl (sumardaginn fyrsta) kl. 16:00-18:00. Þar er boðið upp á ráðgjöf og leiðbeiningar.

Oft hafa gestir orð á því að Grundarfjörður sé einstaklega hreinn og snyrtilegur bær. Tökum höndum saman og stöndum undir þeim væntingum í sumar!!